



Selfossi, 7. nóvember 2014
1312001SA PH

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur samþykkt eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál:

„ Samtök sunnlenskra sveitarfélaga styðja eindregið þingsályktunartillögu um að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Ljóst er eftir vandaða umfjöllun verkefnisstjórnar og faghóps á hennar vegum að óvissa vegna áhrifa virkjunarinnar á laxastofna er það lítil að réttlætanlegt er að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik. Samtökin leggja áherslu á að áfram verði haldið við að meta þá fimm virkjunarkosti sem í meðförum Alþingis voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk, þannig að hægt verði að taka endanlega afstöðu til þeirra sem og þeirra tveggja virkjunarkosta sem ekki fengu fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason,
framkvæmdastjóri.





Selfossi, 8. maí 2012
1202001SA ÞH

**Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 13. apríl sl., var fjallað um þá fyrirætlun stjórnvalda að leggja fram þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem ekki er í samræmi við niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

„Stjórn SASS lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá stefnu sem ríkisstjórn hefur tekið varðandi þingsályktunartillögu um rammaáætlun en samkvæmt henni verður gengið á svig við niðurstöður þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk. Það á ekki síst við um virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem koma hvað best út af mögulegum virkjunarkostum bæði hvað varðar umhverfisáhrif og þjóðhagslega hagkvæmni og því brýnt að heimila Landsvirkjun að ljúka undirbúningsvinnu til að geta hafið framkvæmdir. Fyrir sunnlendinga er um mikilvægar framkvæmdir að ræða sem varða nauðsynlega uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á Suðurlandi.“

Ályktuninni er hér með komið á framfæri í von um að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem koma þar fram.

Með kveðju,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



Selfossi, 6. nóvember 2012

1202001SA ÞH

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og orkunýtingaráætlanir) 3. mál.

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 2. nóvember sl., var eftirfarandi umsögn samþykkt um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og orkunýtingaráætlanir):

„Stjórn SASS leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á grundvelli þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar og tillögum hennar um flokkun virkjunarkostanna í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar voru fjórir af sex vatnsaflsvirkjunarkostum á Suðurlandi í nýtingarflokki. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þeir fari allir í biðflokk. Að mati stjórnar SASS er það óviðunandi bæði vegna þess að ekki eru færð sterk rök fyrir þeim tillögum og og einnig er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir sunnlendinga vegna þeirrar atvinnuuppbyggingar sem gera má ráð fyrir að fylgi í kjölfarið. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

